

## Svar

### utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um athugasemdir ráðuneytis við lögfræðilegar álitssgerðir.

1. *Hvert var efni erindisbréfs sérfræðinga sem kvaddir voru til af hálfu ráðuneytisins til að rita álitssgerðir um stjórnskipuleg álitamál tengd framsali ríkisvalds til stofnana ESB/ EFTA vegna þriðja orkupakka ESB?*

Lögfræðingum sem kvaddir voru til af hálfu utanríkisráðuneytisins annars vegar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hins vegar var falið að gera álitssgerðir um stjórnskipuleg álitamál tengd framsali valdheimilda vegna þriðja orkupakka ESB. Einkum var skoðunarefnið að meta hvort framsal valdheimilda í tengslum við upptöku gerðanna í EES-samninginn og innleiðing þeirra í landsrétt rúmaðist innan marka íslensku stjórnarskrárinnar. Í einstökum álitssgerðum lögfræðinga voru efnistöð nánar skilgreind og afmörkuð í inngangi.

Ekki var gert formlegt erindisbréf til þeirra lögfræðinga sem leitað var til, enda ekki um opinbera starfsmenn að ræða.

2. *Hvert var efni athugasemda ráðuneytisins við drög að álitssgerð Friðriks Árna Friðriks-sonar Hirst og Stefáns Más Stefánssonar sem getið er um í álitssgerð þeirra, dags. 19. mars 2019, sbr. 6. kafla, bls. 39 og áfram?*

Í þessu tiltekna máli óskuðu höfundar álitssgerðarinnar sérstaklega eftir athugasemdum utanríkisráðuneytisins við skjalið. Athugasemdir ráðuneytisins lutu að því að bent var á misræmi milli þeirra draga að álitssgerð sem borin var undir ráðuneytið, og fyrri fordæma og álitssgerða, afgreiðslu Alþingis á fyrri tilfellum, upptöku þeirra í EES-samninginn og gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, í öðrum málum þar sem reynt hafði á túlkun stjórnarskrár vegna upptöku gerða í EES-samninginn og framsal valdheimilda.

3. *Voru af hálfu ráðuneytisins gerðar athugasemdir við drög að álitssgerðum fleiri lögfræðinga sem leitað var til um álit á umræddu máli? Hverjar voru þær athugasemdir ef við á?*

Þegar fengnir eru utanaðkomandi álitssgjafar getur tíðkast að álitssbeiðandi fái lokadrög skjals til yfirlstrar, til að fá tækifæri til að benda á staðreyndavillur og þannig háttar, áður en lokaútgáfa er gerð. Í þessu máli voru ekki gerðar teljandi athugasemdir við aðrar álitssgerðir í málinu.

4. *Telur ráðherra koma til greina að birta opinberlega bréfaskipti milli ráðuneytisins og lögfræðilegra ráðunauta þess sem leitað var til um lögfræðilegar álitssgerðir vegna þriðja orkupakka ESB?*

Allar álitssgerðir lögfræðinga sem fengnir voru til ráðgjafar voru birtar í endanlegri mynd við meðferð þingmálsins og eru þær fylgiskjöl með tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn) (149. löggjafarþing 2018–2019, þskj. 1237, 777.

mál). Ekki er tilefni til að birta vinnuskjöl eða bréfaskipti sem áttu sér stað í aðdraganda á milli ráðuneytisins og lögfræðinganna.

5. *Hvaða áhrif telur ráðherra það geta haft á stöðu sérfræðinga sem óháðra ráðunauta þegar verkbeiðandi hefur gert athugasemdir við drög að álitsgerðum sérfræðinga sem kvaddir hafa verið til að rita álitsgerð um tiltekið málefni líkt og lýst er í 2. tölul. hér að framan?*

Lögfræðingar sem vinna sérfræðialit eða lögfræðilega álitsgerð fyrir ráðuneyti setja sína greiningu og lögfræðilega mat fram á sína ábyrgð á grundvelli heiðurs síns sem fræðimenn eða sérfræðingar. Athugasemdir og ábendingar sem ráðuneyti hefur komið á framfæri varðandi misræmi, fordæmi eða niðurstöður sem gætu nýst við lokafrágang álitsgerðar og til að sem fyllst greining fái á málum, eru í öllum tilvikum viðbótarupplýsingar og -efni sem viðkomandi lögfræðingur metur hvort tekið verði tillit til í lokaútgáfu álitsgerðar.

Alls fóru um 12 vinnustundir í að taka þetta svar saman.